

Ársskýrsla Blábankans 2022



Blábankinn
The Blue Bank





Blábankinn var stofnaður árið 2017 sem vettvangur fyrir nýsköpun og sjálfbærni á Vestfjörðum.

Markmið Blábankans eru að:

- Skapa alþjóðlegan vettvang fyrir nýsköpun og sjálfbærni
- Vera fyrirmynd fyrir nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar
- Auka lífsgæði fólks á Þingeyri

Árið 2022 var fimmta heila starfsár Blábankans. Byrjun árs var ólíkt öðrum vegna heimsfaraldursins sem enn var að hafa áhrif á mannamót og ferðalög

Hjá Blábankanum voru samvinnurýmið og önnur leigurými nýtt til fleiri lengri dvala en fjöldi notenda hafði fækkað í heimsfaraldrinum. Fjöldi gesta og leiggjenda fjölgaði þó þegar leið á árið.



Blábankinn
The Blue Bank

Í september árið 2022 urðu skipti í stjórn Blábankans. Bryndís Ósk Jónsdóttir hætti í stjórn og í hennar stað kom Sædís Ólöf Þórsdóttir fyrir hönd Ísafjarðarbæjar. Agnes Arnardóttir hætti einnig í stjórn og í hennar stað kom Guðrún Steinþórsdóttir fyrir hönd Íbúasamtakanna Átaks.

Ný stjórn Blábankans skipa því:

- Ketill Berg Magnússon, stjórnarformaður
- Sædís Ólöf Þórsdóttir, Ísafjarðarbær
- Helgi Ragnarsson, Arctic Fish
- Guðrún Steinþórsdóttir, Íbúasamtökin Átak

Bankastjóri Blábankans er Birta Bjargardóttir sem hóf störf í lok sumars 2021. Aðrir starfsmenn og verktakar komu að starfseminni, þ.á m. starfsmenn í húsvörslu, þrifum, og tæknimálum, sem og verktakar í forritun, grafískri hönnun, markaðssetningu, samfélagsmiðlamálum o.fl.

Helstu styrktaraðilar Blábankans árið 2022 voru Ísafjarðarbær, Innviðaráðuneytið í gegnum byggðaáætlun, Arctic Fish, Lóa - nýsköpunarstyrkir fyrir landsbyggðina, Vestfjarðastofa og Byggðastofnun í gegnum Brothættar byggðir (Öll vötn til Dýrafjarðar).





YFIRLIT YFIR 2022

Blábankinn er vettvangur fyrir nýsköpun og sjálfbærni á Vestfjörðum. Framtíðarsýn Blábankans er að hann verði eftirsóttur samstarfsaðili fyrir samfélagslega nýsköpun og sjálfbærni sem skapar virði fyrir einstaklinga og samfélög.

- Skapa alþjóðlegan vettvangur fyrir nýsköpun og sjálfbærni
- Vera fyrirmynd fyrir nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar
- Auka lífsgæði fólks á Þingeyri



Blábankinn
The Blue Bank

Startup Westfjords

Nýsköpunarhraðallinn Startup Westfjords var haldinn í fjórða sinn haustið 2022. Í raun er Startup Westfjords frekar hemill en hraðall, og var hann aftur markaðssettur sem slíkur (e. decelerator).

Alls tóku 9 teymi þátt í Startup Westfjords 2022 og bar hemillinn að þessu sinni undirtítilinn „Frá hugmynd til framkvæmdar“. Voru verkefnin margs konar, þ.á m. markaðssetningarfyrirtæki, rými til sköpunar og lista á Flateyri, hrafnasetur, órói fyrir ungabörn o.m.fl.

Dagskráin var sett upp í öðru sniði að þessu sinni, þar sem vinnustofur og fyrirlestrar fóru fram tvær helgar í röð í lok september og byrjun október. Var þátttakendum frjálst að vinna að verkefnum sínum í Blábankanum eða annars staðar í vikunni á milli, og voru nokkur teymi sem þáðu að vinna í samvinnurýminu í vikunni á milli.

Helstu styrktaraðilar Startup Westfjords árið 2022 voru Öll vötn til Dýrafjarðar og Vestfjarðastofa.



Stafrænir flakkarar á norðurlóðum (Arctic Digital Nomads)

Árið 2022 var fjórða ár alþjóðlega samstarfsverkefnisins stafrænir flakkarar á norðurlóðum (ADN) sem Blábankinn átti frumkvæði að. Verkefnið felst í að kynna norðurlóðir fyrir stafrænum flökkurum, eða þeim sem ferðast og vinna á sama tíma. Markmið þess er að laða fjölbreyttara atvinnulíf til afskekktara byggða.

Vefurinn www.arcticdigitalnomads.com er kominn í loftið, sem og reikningar á samfélagsmiðlum. Þetta hefur aukið aðsókn hjá öllum fjórum samstarfsaðilum ADN verkefnisins.

Á árinu 2022 voru ástralskir kvikmyndagerðarmenn í Blábankanum í nokkrar vikur í samstarfi við ADN að vinna að heimildamynd um stafræna flakkara á norðurlóðum. Þeir tóku upp efni og viðtöl, voru hluti af samfélaginu og héldu áhugaverða vinnustofu í Blábankanum um líf stafrænna flakkara og áskoranir sem geta orðið á vegi þeirra. Myndin kemur út í byrjun árs 2023.

ADN



Blábankinn
The Blue Bank



Samvinnurými

Í Blábankanum er rekið bjart og opið samvinnurými sem hægt er að leigja til lengri eða skemmri tíma. Rýmið er nýtt af nokkrum einstaklingum sem búa á svæðinu sem og stafrænum flökkurum sem ferðast til Þingeyrar í nokkra daga, vikur eða mánuði og taka vinnuna með sér.

Á árinu 2022 var samvinnurýmið samtals nýtt í 321 dag og voru 27 aðilar sem leigðu rými hjá okkur.



Blábankinn
The Blue Bank

Athafnaklúbbur Þingeyrar/Viðburðahópurinn

Athafnaklúbbur Þingeyrar var stofnaður 2020 og er markmið klúbbsins að styðja við einyrkja og fyrirtæki sem þegar eru í rekstri á svæðinu til að takast á við umbreytingar og síbreytilegar aðstæður, s.s. byggðaþróun, orkuskipti, breyttar ferðavenjur, sjálfbærni, samgöngur og upplýsingatækni.

Á árinu 2022 hittist klúbburinn reglulega, bæði í Blábankanum og á netinu.

Stórt samstarfsverkefni sem hóf göngu sína árið 2021, en þurfti að hætta við vegna heimsfaraldurs, var sameiginleg páskadagskrá á svæðinu. Farið var af stað með verkefnið aftur fyrir páskana 2022 og hélt Blábankinn utan um verkefnið og lét útbúa veggspjald sem sýndi alla dagskrána. Samstarfsverkefnið heppnaðist mjög og er komið til að vera.

PÁSKAR FYRIR VESTAN ÞINGEYRI DÝRAFJÖRÐUR

11. APRÍL MANNAVAKUR

14:00 - 18:30
Handverkamatkætur
Handverk Jósa og Tólfu í heiti alla þáttarna að Hafnarstræt 2.

18:30
Spjall
Hvað er á sjálfum þér og þetta spjall? Hvað mena í sundlaginu á kveggjum? Hvernig myndast og hvernig er góð all vera í heppingunum, heppum alla verkana, þess heiti þess og þess. Hvernig myndast og hvernig er góð all vera í heppingunum, heppum alla verkana, þess heiti þess og þess. Hvernig myndast og hvernig er góð all vera í heppingunum, heppum alla verkana, þess heiti þess og þess.

12. APRÍL MIÐVINGUDAGUR

18:00
Spjall
Mening í sundlag Þingeyrar. Hvernig myndast og hvernig er góð all vera í heppingunum, heppum alla verkana, þess heiti þess og þess.

14:00 - 18:30
Handverkamatkætur
Handverk Jósa og Tólfu í heiti alla þáttarna að Hafnarstræt 2.

13. APRÍL MIÐVINGUDAGUR

14:00 - 18:30
Handverkamatkætur
Handverk Jósa og Tólfu í heiti alla þáttarna að Hafnarstræt 2.

18:30
Spjall
Mening í sundlag Þingeyrar. Hvernig myndast og hvernig er góð all vera í heppingunum, heppum alla verkana, þess heiti þess og þess.

14. APRÍL GULLDAGUR

8:00
Morgunheiti í Kveggjum

10:00
Spjall
Mening í sundlag Þingeyrar. Hvernig myndast og hvernig er góð all vera í heppingunum, heppum alla verkana, þess heiti þess og þess.

14:00 - 18:30
Handverkamatkætur
Handverk Jósa og Tólfu í heiti alla þáttarna að Hafnarstræt 2.

15. APRÍL FÖMUDAGURINN LAMMI

9:00
Félagsganga
Lagt af störf í kveggjum fyrir kl. 10:30 og þáttar ganga í gegnum fjölskyldu og einhliða kveggjum á kveggjum. Hvernig myndast og hvernig er góð all vera í heppingunum, heppum alla verkana, þess heiti þess og þess.

11:15
Heppingar
Orkuskipti og gætt. Hvernig myndast og hvernig er góð all vera í heppingunum, heppum alla verkana, þess heiti þess og þess.

14:00 - 18:30
Handverkamatkætur
Handverk Jósa og Tólfu í heiti alla þáttarna að Hafnarstræt 2.

16. APRÍL LÖNGVAKUR

12:00
Spjall
Mening í sundlag og kveggjum. Hvernig myndast og hvernig er góð all vera í heppingunum, heppum alla verkana, þess heiti þess og þess.

12:00 - 18:00
Spjall og kveggjum
Hvernig myndast og hvernig er góð all vera í heppingunum, heppum alla verkana, þess heiti þess og þess.

12:00 - 13:00
Ókeypis skólar
13:00 - 14:00
14:00 - 15:00
15:00 - 16:00
16:00 - 17:00

14:00 - 18:00
Handverkamatkætur
Handverk Jósa og Tólfu í heiti alla þáttarna að Hafnarstræt 2.

17. APRÍL MASCARADUR

9:00
Handverkamatkætur
Handverk Jósa og Tólfu í heiti alla þáttarna að Hafnarstræt 2.

14:00 - 18:00
Handverkamatkætur
Handverk Jósa og Tólfu í heiti alla þáttarna að Hafnarstræt 2.



www.vestfjordur.is/tingeyri



Blábankinn
The Blue Bank

Þar sem ævintýrin gerast!

ÞINGEYRI

Daglegir viðburðir
20. júlí - 24. ágúst 2022

MÁN	Oðin Adventures kayakferðir kl. 11 og 21 Sjómenn kl. 19:20-20 Bílfreyr sýning í Sundfangarými kl. 19 og 21	FIM	„Linnandi reitir kóngreyri“ - sýningarmessa kl. 10 og 19 Sjómenn kl. 19:20-20 Oðin Adventures - styttri ferðir kl. 11 og 21
ÞRI	Galdreryr í hálftóni opnið kl. 13-18 Koltra á ífandið í hálftóni kl. 18:30-19:30 Söguleikhúsið „Nansen á Þingeyri“ kl. 20 Oðin Adventures - styttri ferðir kl. 11 og 21	FÖS	Náttúruleik á ljóðsævöldum kl. 14-18 Oðin Adventures - styttri ferðir kl. 11 og 21
MÍÐ	Skiðlím vísingarmessa kl. 12-18 „Lúkasmáskortinn“ í söfnunarsalið kl. 20 Oðin Adventures - styttri ferðir kl. 11 og 21	LAU	Sjómenn kl. 10-10:30 Oðin Adventures - styttri ferðir kl. 11 og 21
Opunartímar	Fleiri í sumar	SUN	Rúsmenn í Sundfangarými álfan skapinn Oðin Adventures - styttri ferðir kl. 11 og 21

Opunartímar
Opningarsýning og sýning
Vestfirðir 19. ágúst kl. 10-18
Kaffihúsið Gerningafelli í Dýrafirði
Opningarsýning 19. ágúst
Skiðlím
Opningarsýning 19. ágúst
Vestfirðir 19. ágúst kl. 10-18
Kjótinn
Opningarsýning 19. ágúst
Félagssala
Opningarsýning 19. ágúst
Skiðlím
Opningarsýning 19. ágúst
Grafhúsið í hálftóni
Opningarsýning 19. ágúst

Fleiri í sumar
11. júlí - 12. ágúst
„Fleirið sem tilíftir uppí svefni“
Skiðlím 19. ágúst kl. 10-18
Línur í Álfvelli
Opningarsýning
11. og 12. ágúst
Vísingarmessa á Þingeyri í
Skiðlím
13. og 14. ágúst
Skiðlím í Sundfangarými
Opningarsýning 19. ágúst
15. og 16. ágúst
Skiðlím á Þingeyri
Opningarsýning 19. ágúst
Opningarsýning 19. ágúst

Opningarsýning á
Skiðlím á Þingeyri

Opningarsýning á
Skiðlím á Þingeyri

Opningarsýning á
Skiðlím á Þingeyri



14.-17. júlí
Hlaupahátíð á Vestfjörðum
Þríþraut: hlaup - hjól - sund
Íþróttamiðstöðin á Þingeyri, kl. 09-17

15. júlí
Skelin - viðburðahús
Opnun myndlistarsýningar
fjöllistakonunnar Moniku
Janínu, kl. 17

16.-17. júlí
Gil í Dýrafirði - Hvað fannst á háaloftinu?
Sýning á gömlum munum frá árunum 1940-1990

15. júlí - 17. júlí
HELGIN Á ÞINGEYRI



Þriðjudagar
Gallery Grásteinn opið kl. 13-16
Koltra með lifandi handverk kl. 18:30-19:30
Söguleikhúsið „Nansen á Þingeyri“ kl. 20
Oðin Adventures - styttri kayakferð að horfa á sólfarið/finna seli kl. 11 og/eða 21

ÞINGEYRI

Nýtt og mjög umfangsmikið samstarfsverkefni hjá hópnum var síðan sameiginleg sumardagskrá á Þingeyri og í Dýrafirði, undir yfirskriftinni „Heimsækjum Þingeyri“. Komu þar saman fjöldinn allur af þjónustuaðilum á svæðinu, sem og aðilum sem bjóða upp á viðburði og/eða einhvers konar afþreyingu fyrir gesti og gangandi.

Verkefnið í heild felur í sér sameiginlega markaðssetningu á svæðinu, og býður upp á yfirlit yfir hvað er í boði, bæði í formi veggspjalds, sem og upplýsingum á samfélagsmiðlum og vefnum westfjords.is/thingeyri.

Verkefnið Heimsækjum Þingeyri var mjög vel heppnað og byggt verður á þekkingunni og reynslunni til að halda verkefninu áfram í enn stærri og skilvirkari mynd um komandi ár. Verkefnið var á árinu 2022 styrkt af Byggðastofnum í gegnum verkefnið Öll vötn til Dýrafjarðar.





Annað á árinu

Hluti af stefnu og verkefnum Blábankans er samfélagslegur stuðningur og starfar Blábankinn náið með Íbúasamtökunum Átak til að styðja við þróun samfélagsins og sameina krafta þessa aðila. Blábankinn heldur fundi og viðburði tengt íbúasamtökunum og bæjaryfirvöldum.

Framkvæmdastjóri Blábankans hélt áfram stjórnarsetu í verkefni Byggðastofnunar um brothættar byggðir, „Öll vötn til Dýrafjarðar“. Sem stjórnarmaður kemur framkvæmdastjóri að styrkúthlutunum ásamt eftirfylgni verkefna og samvinnu við verkefnisstjóra verkefnisins.

Blábankinn aðstoðaði með utanumhald um uppfærslu á Auglýsingakorti Dýrafjarðar ásamt handverkshópnum Koltru og Upplýsingamiðstöðinni. Kortið var endurútféið í nýrri mynd og stærra upplagi en áður. Ísafjarðarbær styrkti útgáfuna.

Blábankinn aðstoðaði með verkefnið „Detour Discotheque“ sem haldið var í Félagsheimilinu á Þingeyri í lok apríl. Skipuleggjendur voru breskir plötusnúðar og listamenn sem höfðu Þingeyri sem fyrsta áfangastað í diskótekaseríunni þeirra, þar sem hugmyndin er að halda diskóhelgi á afskekktum stöðum víðsvegar um heiminn. Til viðbótar við almenna aðstoð, bauð Blábankinn upp á samvinnurými fyrir skipuleggjendur í aðdraganda helgarinnar, sem og að hægt var að nálgast miða og annan varning á neðri hæð Blábankans dagana sem diskótekið fór fram.



Blábankinn
The Blue Bank

Haldin voru opin hús, m.a. almennt til kynningar á starfsemi Blábankans og einnig til að marka mismunandi árstíðir. Til dæmis var haldið mjög fjölmennt opið hús í desember 2022 með jólaþema.

Samstarf, aðstoð og stuðningur var við fjölmörg fyrirtæki og rekstraraðila á svæðinu, þ.á m. Kómedíuleikhúsið, Odin Adventures, Skálann Víkingasetur og Koltru.

Fjölmargir stjórn málaflokkar komu í heimsókn, og voru allir flokkar með kynningu á stefnu sinni fyrir sveitarstjórnarkosningarnar um vorið.

Boðið var upp á vinnustofur og námskeið, þ.á m. vinnustofu um stafræna flakkara á norðurslóðum, markaðssetningu og notendaupplifun fyrir aðila með einhvers konar þjónustu og/eða viðburði í boði á svæðinu, og tölvu- og tækninámskeið fyrir eldri borgara. Einnig var reglulega í boði að mæta í Blábankann á þrjónakvöld, stöku sinnum á spilakvöld og oft voru íþróttaleikir sýndir á stórum skjá á neðri hæðinni.

Tekið var á móti ýmsum góðum gestum, m.a. kom Forseti Íslands í heimsókn í byrjun sumars. Breski sendiherrann á Íslandi og gestir komu einnig í heimsókn, eins komu nemendur og kennarar frá Háskólasetri Vestfjarða, frá Lýðskólanum á Flateyri, Listaháskóla Íslands og fleiri. Fyrirlestrar fyrir Fræðslumiðstöð Vestfjarða um nýsköpun og starfsemi Blábankans fóru einnig fram, en í gegnum fjarfundarbúnað.

Þingeyri er sá byggðarkjarni sem lengst er frá íbúamiðju sveitarfélagsins Ísafjarðarbæjar. Blábankinn veitir því þjónustu og er tengiliður við sveitarfélagið fyrir Þingeyri.

Mest fer fyrir gjaldkerþjónustu Landsbankans í húsnæði Blábankans, en þjónusta var veitt í um 500 skipti á árinu á hans vegum.



Einnig er hægt að panta og skila bókum frá bókasafninu á Ísafirði og voru þó nokkrir íbúar sem nýttu sér þjónustuna, sem og skólarnir á staðnum.

Blábankinn veitir íbúum tölvuaðstoð auk aðstöðu til að prenta og skanna. Var þessi þjónusta nýtt um 40 sinnum á árinu.

Blábankinn vill auka upplýsingaflæði og hefur unnið við að setja upp upplýsingahorn í húsnæðinu fyrir íbúa, gesti og áhugasama varðandi samfélagið og þróun á Þingeyri. Einnig er afslappað sófahorn til boða, þar sem hægt er að glugga í blöðin á meðan drukkið er kaffi og spjallað við fólkið á staðnum.

Blábankinn var í samstarfi við fjölmarga aðila og stofnanir á árinu 2022. Má þar nefna Fab Lab á Ísafirði, Djúpið í Bolungarvík, Vestfjarðastofu, Byggðastofnun og verkefnið „Öll vötn til Dýrafjarðar“, Skúrína á Flateyri, Háskólasetur Vestfjarða, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Ísafjarðarbæ o.m.fl.



Eitt af markmiðum Blábankans er að efla ímynd sína og Þingeyrar. Á árinu var fjallað um Blábankann og verkefni hans í nokkrum af helstu fjölmiðlum landsins, þ.á m. um 5 ára stofnafmæli bankans, nýsköpunarhemilinn Startup Westfjords, Birtu bankastjóra, samstarfsverkefnið Heimsækjum Þingeyri og heimsókn Forseta Íslands:

<https://www.bb.is/2022/09/blabankinn-a-thingeyri-5-ara>

<https://www.bb.is/2022/08/nyskopunarhemill-hvad-er-nu-thad>

<https://www.bb.is/2022/09/thingeyri-ketill-berg-formadur-blabankans>

<https://www.bb.is/2022/08/leyfdu-hugmyndinni-ad-blomstra/>

<https://www.bb.is/2022/07/samstarfsverkefnid-heimsaekjum-thingeyri>

<https://www.ruv.is/utvarp/spila/siddegisutvarpid/23825/7h2ic4>

<https://www.ruv.is/utvarp/spila/samfelagid/23617/7hl5ta/blabankin>

<https://www.vb.is/frettir/startup-westfjords-byrjar-ef-tir-manud>

<https://www.vb.is/frettir/nyskopun-a-thingeyri>

<https://www.visir.is/g/20222297069d/hefur-unnid-med-thjodarleidtogum-hollywood-stjorum-visindamonnum-og-villtum-dyrum>

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2022/06/08/gudni_stakk_ser_i_isfirskan_sjo_i_morgun

<https://www.bb.is/2022/06/isafjardarbaer-seinni-dagur-forsetaheimsoknarinnar>

<https://www.bb.is/2022/06/ornefnanamskeid>

<https://www.bb.is/2022/02/thingmadur-samfylkingarinnar-med-opna-fundi-a-vestfjordum>



Blábankinn
The Blue Bank